



# Reglugerð um mótanefnd

breytt 7.5.2020

## 1. grein

### MÓTANEFND

Mótanefnd er skipuð þremur einstaklingum. Stjórn KKÍ skipar nefndina til tveggja ára. Formaður nefndarinnar er skipaður af stjórn KKÍ.

Mótanefnd skal í samræmi við gildandi reglur hafa á hendi yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd allra leikja á vegum KKÍ.

## 2. grein

### VERKEFNI

Verkefni mótanefndar er:

- Að gera tillögur að deildarskipulagi til stjórnar KKÍ.
- Að gera tillögur að leikjafyrirkomulagi í samráði við félag.
- Að taka ákvörðun um frestun og niðurfellingu leikja.
- Að skoða og samþykkja leikvelli og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur.
- Að banna notkun leikvalla, ef nauðsyn krefur.
- Að samræma keppnisdaga, svo íþróttaviðburðir falli eigi saman að nauðsynjalausu.
- Að gera tillögu að leikjaniðurröðun til stjórnar KKÍ. Stjórn KKÍ sér um útgáfu leikjaniðurröðunar og innheimtu þátttökugjalda.
- Að gera tillögu að mótafyrirkomulagi til stjórnar KKÍ ef ljóst er að mótahald verði ekki með þeim hætti sem tilgreint er í reglugerð um körfuknattleiksmót.

Mótanefnd skal setja sér reglur um frestun leikja. Reglurnar skal birta á heimasíðu KKÍ.

## 3. grein

### LEIKVELLIR

Mótanefnd skal samþykkja leikvelli í samræmi við reglur og viðmið FIBA. Leikir í úrvalsdeild karla og kvenna og 1. deild karla og kvenna teljast vera Level 2 leikir skv. viðmiðum FIBA. Aðrir leikir teljast vera Level 3 leikir.

Mótanefnd skal gera tillögu um nauðsynlegar úrbætur leikvalla gerist þess þörf. Gerist þörf á úrbótum er mótanefnd heimilt að setja tímamörk á nauðsynlegar úrbætur. Verði félag ekki við úrbótum er mótanefnd heimilt að setja á dagsektir, eða banna notkun leikvallar. Mótanefnd leggur til sektarupphæð til stjórnar KKÍ fyrir 1. júní ár hvert.

## 4. grein

### ÞÁTTTÖKUTILKYNNINGAR

Mótanefnd auglýsir eftir þátttökutilkynningum fyrir Íslandsmót og Bikarkeppni KKÍ. Þátttökutilkynningum til Íslandsmóts og Bikarkeppni KKÍ skal skila til mótanefndar á tilsettum tíma í samræmi við reglugerð um körfuknattleiksmót. Mótanefnd er heimilt að hafna umsóknum sem ekki berast fyrir tilsettan tíma.

Þátttökutilkynningar skulu vera á því formi sem mótanefnd KKÍ óskar hverju sinni og skal það vera ljóst fyrir 1. júní ár hvert. Sama gildir um sérstakar óskir sem félagin vilja koma á framfæri. Mótanefnd sendir



Út drög að leikjaniðurröðun í hverjum aldursflokki innan viku frá því að skráningu í viðkomandi aldursflokki lauk. Frestur til að skila athugasemdum er tilgreindur af mótanefnd.

Mótanefnd skilar stjórn KKÍ endanlegri tillögu að leikjaskrá úrvalsdeilda karla og kvenna, og 1. deilda karla og kvenna í síðasta lagi 10. ágúst. Í öðrum deildum og flokkum skal mótanefnd skila endanlegri tillögu að leikjaskrá í síðasta lagi 10 dögum fyrir upphaf viðkomandi móts.

## 5. grein

### MINNIBOLTAMÓT

Mótanefnd auglýsir fyrir 15. júní þær helgar sem halda má minniboltamót. Félög geta sótt um að halda slíkt mót á auglýstum helgum. Auglýsi félag slíkt mót án leyfis mótanefndar skal félagið sektað um upphæð sem stjórn KKÍ ákveður á hverju vori.

## 6. grein

### BOÐUN LEIKS

Boða þarf til leiks með sannanlegum hætti, með minnst viku fyrirvara. Mótanefnd er skylt að tilkynna breytingar á leikjaniðurröðun með sannanlegum hætti. Ef gera þarf breytingu á leikjaniðurröðun, þá skal hún gerð með að minnsta kosti viku fyrirvara. Mótanefnd getur hafnað færslu leikja með minni fyrirvara. Óski félög eftir færslu leiks með minni fyrirvara en viku og samþykki mótanefnd færslu leiksins skulu umrædd félög greiða gjald fyrir færslu leiksins. Mótanefnd leggur til við stjórn KKÍ fyrir 1. júní ár hvert hvert gjald fyrir færslu leikja skal vera.

Um boðun leiks sem frestað hefur verið af mótanefnd gilda aðrar reglur.

## 7. grein

### TENGILIÐIR VIÐ MÓTANEFND

Félög skulu tilnefna forsvarsmann til að annast samskipti við mótanefnd. Félögin skulu tilkynna mótanefnd nöfn og tengiliðaupplýsingar samstarfsmanna sinna. Það er á ábyrgð félaga að réttar upplýsingar séu á skrá hjá KKÍ.

Mótanefnd eða fulltrúi hennar skal hafa fasta viðtalstíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.

## 8. grein

### EFTIRLITSMENN

Mótanefnd hefur heimild til, í samvinnu við dómaraefnd, að skipa eftirlitsmann á alla leiki á vegum KKÍ sem gefur umsögn um framkvæmd leiks og dómgæslu.

Berist alvarlegar athugasemdir um framkvæmd heimaleiks félags að mati nefndarinnar skal almennt skipa eftirlitsmann á næsta heimaleik félagsins.

## 9. grein

### SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd skilar skýrslu um starfsemi sína til stjórnar KKÍ þremur vikum fyrir körfuknattleiksþing.